



Ys og þys var við kjötborð verslana í gær því margir voru að tryggja sér væna bita til að gæða sér á í dag, á sjálfan sprengidaginn. Efni í baunasúpuna þarf líka sinn undirbúning, svo sem eins og að leggja baunirnar í bleyti yfir nótt áður en súpan er soðin. Saltkjöt og baunir verður því víða á boðstólum í dag og margir sem munu standa á blístri í kjölfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kærðu veiðipjófnað á landi bankans

Lögð var fram kæra vegna veiðipjófnaðar á landi Seðlabankans. Málið komið á borð ákærusviðs. Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, var í hópi þeirra sem var staðinn að ólöglegu netalögninni. Segir málið sér algjörlega óviðkomandi. Hann hafi ekki lagt neitt net.

LÖGREGLUMÁL Veiðipjófnaður á landi Seðlabanka Íslands á Suðurlandi var kærður til lögreglu fyrr í vetur. Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, var samkvæmt heimildum Fréttablaðsins í hópi þriggja manna sem var staðinn að ólöglegri netalögn. Hann segist ekki hafa lagt neitt net í ána. Málið sé honum óviðkomandi.

Lögreglan á Suðurlandi staðfestir í samtali við Fréttablaðið að kæra hafi borist embættinu vegna ólöglegrar netalagnar í Holtsá sem fellur í Skaftá, þann 24. október.

Lögregla segir rannsókn málsins lokið og ákvörðun um ákæru sé nú í höndum ákærusviðs. Ekki er útilokað að málinu ljúki með sektargerð án þess að fara fyrir dómstóla.

Hópur þriggja manna stóð að netalögninni og hefur Fréttablaðið eftir áreiðanlegum heimildum að Ragnar Þór hafi verið á meðal þeirra. Óheimilt er að leggja net í ána.

Ragnar Þór segist ekki hafa verið kærður og tekur fram að málið tengist honum ekki. „Þetta mál tengist mér ekki heldur snýst það um deilur landeigenda á þessu svæði, að ég

Mér finnst með algjörum ólíkindum að það sé verið að draga mig inn í mál sem er mér óviðkomandi.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR



best veit,” segir Ragnar í samtali við Fréttablaðið. Spurður hvort hann hafi verið einn af þeim sem lagði net í ána svarar Ragnar neitandi. „Ég lagði ekki nein net þarna, mér finnst með algjörum ólíkindum að það sé verið að draga mig inn í mál sem er mér óviðkomandi.“

Atvikið átti sér stað í Holtsdal, sem er stórt landsvæði, alls 917 hektarar, í Holti í Vestur-Skaftafellssýslu og er í eigu Seðlabanka Íslands. Því fylgir veiðiréttur í Holtsá, sem rennur um dalinn, og þar standa tveir bústaðir í eigu bankans.

Veiðipjófnaðurinn mun hafa verið kærður af bónda frá nálægum bæ sem kom að netalögninni, fjarlægð netið og tilkynnti atvikið til lögreglu. Þá urðu gestir í öðrum bústað Seðlabankans einnig varir við netalögnina.

Holtsá er efsta þverá Skaftár sem fiskur, einkum sjóbirtingur, gengur að jafnaði í frá sjó. Seðlabankinn keypti landsvæðið árið 1991 – átti fyrir litla spildu þar sem bústaðirnir standa – en megintilgangur landkaupanna var sá að hefja stórfellda skógrækt. – pff

KÓPAVOGSKRÓNKA

leikhusid.is

17.02	kl. 20	UPPSELT	05.03	kl. 20	UPPSELT
18.02	kl. 20	UPPSELT	06.03	kl. 20	Örfá sæti
19.02	kl. 20	UPPSELT	10.03	kl. 20	Örfá sæti
20.02	kl. 20	UPPSELT	12.03	kl. 20	UPPSELT
24.02	kl. 20	UPPSELT	13.03	kl. 20	UPPSELT
25.02	kl. 20	UPPSELT	16.03	kl. 20	Örfá sæti
26.02	kl. 20	UPPSELT	17.03	kl. 20	UPPSELT
27.02	kl. 20	UPPSELT	20.03	kl. 20	UPPSELT
03.03	kl. 20	UPPSELT	13.03	kl. 20	UPPSELT
04.03	kl. 20	UPPSELT			

Þjóðleikhusið

Eiga að upplýsa um launakjörin

ÚRSKURÐIR Herjólfur ohf. þarf að veita upplýsingar um heildarlaun framkvæmdastjóra félagsins segir úrskurðarnefnd upplýsingamála.

Herjólfur ohf., sem er í eigu Vestmannaeyjabæjar og rekur samnefnda Vestmannaeyjaferju, synjaði manni einum í fyrrasumar um upplýsingar um heildarlaun þáverandi framkvæmdastjóra og vísaði í því sambandi til persónuverndarlaga og upplýsingalaga.

Var manningum bent á ársreikning félagsins sem birtur væri á vef bæjarins. Þar komi fram allar upplýsingar sem félagið geti birt opinberlega.



Hörður Orri Grettisson, framkvæmdastjóri Herjólfur ohf.

Í kærnu mannsins til úrskurðarnefndarinnar segir að laun ædstu stjórnenda Herjólfur ohf. hljóti að vera opinber eins og laun annarra ædstu embættismanna.

Úrskurðarnefndin segir að samkvæmt upplýsingalögum beri að veita almenningi upplýsingar um launakjör ædstu stjórnenda. Kærandinn eigi rétt á upplýsingum um launakjör ædstu stjórnenda Herjólfur ohf. Því sé lagt fyrir félagið að veita umbeðnar upplýsingar.

– gar

Sigla himinfley



Lífið á Langasandi á Akranesi var sveipað ævintýrlegum blæ síðdegis í gær þegar síðdegissólin varpaði geislum sínum á umhverfið. Gönguferð í fjöruborðinu var vel til fundin og út við ystu sjónarrönd siglir skip sína leið. Engu var líkara en að voríð væri skammt undan á suðvesturhorninu. Enn er samt febrúarmánuður aðeins rúmlega hálfnaður. Þórrinn er þó á undanhaldi og Góan hefur göngu sína á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Taka þarf af allan vafa um kjörgengi brotamanna

STJÓRN MÁL Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis ræðir á morgun um kjörgengi þeirra sem hafa sætt fangelsisvist. Það var Andrés Ingi Jónsson, þingmaður Pírata, sem óskaði eftir umræðunni.

Kveikjan að umræðunni er mál Guðmundar Inga Þóroddssonar, formanns Afstöðu, sem fékk ekki sæti hjá uppstillingarnefnd Samfylkingarfélagsins í Reykjavík þrátt fyrir að hafa hafnað ofarlega í könnun félagsins. Ástæðan var sú að óvissa ríkti um kjörgengi Guðmundar en hann taldi sig kjörgengan. Hugtökum um reynslutíma og reynslulausn hefði verið ruglað saman.

Samkvæmt kosningalögum telst enginn kjörgengur sem hefur hlotið „dóm fyrir refsivert brot og refsing óskilorðsbundið fangelsi, frá þeim degi þegar dómur er upp kveðinn og þar til afplánun er að fullu lokið.“ Samkvæmt nýju frumvarpi þingforseta er greinin óbreytt.



Þetta ætti ekki að vera túlkunaratriði.

Andrés Ingi Jónsson, þingmaður Pírata



„Það er ástæða til þess að athuga hvort að greinin sé skýr. Ef ekki þá er ástæða til þess að taka á því við heildarendurskoðun kosningalaganna,“ segir Andrés. „Tímastofnun ætti að vera hægt að reikna út með stærðfræðilegum hætti. Þetta ætti ekki að vera túlkunaratriði.“ Sjálfur segist hann ekki hafa sérstaka skoðun á því hvernig kjörgengi brotamanna skuli háttáð.

Mál Guðmundar sem slíkt verður ekki til umfjöllunar nefndarinnar, heldur löggjöfin sjálf. Hann mun þó mæta til fundarins sem gestur. – khg

Vonast eftir breyttum vopnalögum á Íslandi

Vopnalög eru óframfylgjanleg hér á landi þegar kemur að bogfimi barna og Bogfimisambandið vonast til að frumvarp um breytingar vopnalaga nái í gegn. Núverandi lög hamli vexti í barnastarfi, sérstaklega hjá eldri krökkum.

SAMFÉLAG Bogfimisambandið bindur vonir við að frumvarp um breytingar á vopnalögum gangi í gegn til þess að iðkun barna verði að fullu lögleg. Frumvarp Björns Levis Gunnarssonar, sem þingmenn allra flokka koma að, verður rætt á þingi í dag.

„Viðast hvar eru engar hömlur á bogaeign eins og er á Íslandi. Einu önnur löndin sem ég veit um eru í Hvíta Rússlandi og Norður-Kóreu,“ segir Guðmundur Örn Guðjónsson, formaður Bogfimisambandsins. Verði frumvarpið samþykkt mega börn yngri en 16 ára eiga örvaboga með meiri togkrafti en sjö kílóum til æfinga eða keppni undir eftirliti fullorðinna.

Guðmundur segir frumvarpið leysa vanda sambandsins að mestu. „Þetta þýðir að ef við erum með einhvern mjög efnilegan þurfum við ekki að senda hann til æfinga í Færeyjum,“ segir hann. „Þetta hamlar vextinum í barnastarfinu, sérstaklega hjá eldri krökkum sem vilja ekki nota undir sjö kílóa boga.“

Bogfimi hefur notið aukinna vinsælda á Íslandi og í dag stunda 173 börn íþróttina. Lögreglan hefur hins vegar ekki fylgst með eða haft afskipti af barnastarfinu og Guðmundur segir lögin í raun óframfylgjanleg eins og þau eru í dag, því ekki sé verið að brjóta lög nema boginn sé togaður of langt. Hann telur lögin bera þess merki að barna- og unglingsstarf í bogfimi hafi ekki verið til á þeim tíma sem lögin voru skrifuð, árið 1998, en þrátt fyrir að bogfimifélög hafi þrýst á lagabreytingar hafa þau ekki náð eyrum ráðamanna fyrr en nú.

Þó að lögreglan sé ekki á eftir bogfimikrökkum segir Guðmundur



173 börn 16 ára og yngri stunda bogfimi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Viðast hvar eru engar hömlur á bogaeign eins og er á Íslandi. Einu önnur löndin sem ég veit um eru í Hvíta Rússlandi og Norður-Kóreu.

Guðmundur Örn Guðjónsson, formaður Bogfimisambandsins



að hér sé um prinsippmál að ræða. Þetta gæti líka hæglega komið til álita í raunveruleikanum, til dæmis ef foreldrar barns myndu kæra niðurstöðu mótis til lögreglu vegna of mikillar dragþyngdar.

Árið 2012 voru aðeins níu skráðir í bogfimi hjá ÍSÍ en hefur farið yfir 900 manns. Ellefu félög bjóða nú

upp á bogfimi á höfuðborgarsvæðinu, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Vöxturinn hefur verið um fimmtán prósent á ári en í fyrsta skipti í fyrra fækkaði iðkendum.

Guðmundur segir bogfimifólk hafa sloppið nokkuð vel vegna faraldursins og minni takmarkanir verið settar þar sem ekki sé um snertisport að ræða. Um tíma hafi þó þurft að loka alveg og ekki allir skilað sér aftur á æfingar síðan. Vegna tveggja metra reglunnar er plássið minna og færri komist að.

„Í bogfimi koma margir krakkar sem finna sig ekki í sigildum hópíþróttum. Krakkar sem detta út og eru oft með lágt sjálfsmat,“ segir Guðmundur. „Hérna æfa þau út af fyrir sig en eru samt í nánd við aðra í félagsskap. Þetta getur hægt og rólega brotið skelina hjá þeim sem eru með þessi vandamál og byggt þau upp.“

kristinnhaukur@frettabladid.is

ÖSKUDAGSFJÖR Í HÓKUS PÓKUS!

HÓKUS PÓKUS

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955



DEKRAÐUR Í 3 ÁR. ÁHYGGJULAUS Í 7 ÁR.

MEÐ ÖLLUM NÝJUM BÍLUM FRÁ TOYOTA Á ÍSLANDI FYLGIR 3 ÁRA
ÞJÓNUSTA OG 7 ÁRA ÁBYRGÐ. ENGIN VANDAMÁL - BARA LAUSNIR



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Gildir um alla nýja Toyota bíla, flutta inn af Toyota á Íslandi ehf., sem keyptir eru eftir 1. janúar 2019 (7 ára ábyrgð) og 1. janúar 2021 (3 ára þjónusta). Nánari upplýsingar á toyota.is.

Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð og 3 ára þjónusta gildir eingöngu um nýja bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



Forstjóri Rio Tinto á Íslandi og forstjóri Landsvirkjunar ganga frá samningnum. MYND/ADSEND

Sættir nást eftir bæði kærúmal og hótanir

ORKUMÁL Landsvirkjun og Rio Tinto á Íslandi hafa samþykkt viðauka við raforkusamning fyrirtækjanna frá árinu 2010. Samningurinn gildir í fimm títán ár – til ársins 2036.

„Niðurstaðan er báðum aðilum í hag og um leið eykur hún skilvirkni raforkukerfisins á Íslandi,“ er haft eftir Herði Arnarsyni, forstjóra Landsvirkjunar, í sameiginlegri tilkynningu fyrirtækjanna.

Harðar deilur hafa verið milli fyrirtækjanna um orkuverðið. Í fyrra kærði Rio Tinto Landsvirkjun til Samkeppniseftirlitsins fyrir að misnota yfirburðastöðu sína á raforkumarkaði og hótandi jafnframt að loka álverinu í Straumsvík. Rio Tinto dregur nú þessa kæru til baka.

Ekkert er gefið upp um raforkuverðið frekar en í þeim samningi sem gilt hefur. „Samningurinn verður því ekki opinberaður að svo stöddu,“ er undirstrikað. Þó er tekið fram að grunnur raforkuverðsins hafi breyst. – gar

Alþjóðadeild RLS kemur að rannsókninni

LÖGREGLUMÁL Rannsókn lögreglu á morði sem framið var í Rauðagerði um helgina er mjög umfangsmikil. Rannsóknin er í höndum Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu en alþjóðadeild Ríkislögreglustjóra kemur einnig að henni.

Maðurinn sem úrskurðaður var í gæsluvarðhald í fyrrakvöld var sá eini í haldi lögreglu vegna málsins þegar Fréttablaðið fór í prentun. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald þar til á föstudag. Talsverður viðbúnaður lögreglu og sérsveitar var við húsnæði héraðsdóms þegar maðurinn var leiddur fyrir dómara.

Rannsókn málsins beinist nú meðal annars að því hvort fleiri eigi aðild að málinu, en Margeir Sveinsson, yfirmaður miðlægrar rannsóknardeildar Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir málið í rannsókn og aðkoma fleiri sé einn þáttur rannsóknarinnar. – aá

Afmörkuð hátíðarhöld á óhefðbundnum öskudegi

FÓLK Öskudagurinn verður haldinn með öðru sniði í ár í ljósi aðstæðna. Í tilkynningu frá almannavarnadeild og Embætti landlæknis eru börn hvött til þess að halda upp á daginn á heimavelli, í skólum, frístundaheimilum eða félagsmiðstöðvum.

EKKI hefur verið lagt blátt bann við því að börn gangi á milli fyrirtækja og verslana og syngi fyrir nammi en þó hafa bæði Kringlan og Smáralind gefið út yfirlýsingu um að ekkert nammi verði í boði í verslunum þeirra.

„Ég held það verði ekkert barn sem verður ekki í búningi,“ segir Valgerður María Gunnarsdóttir, verslunarstjóri Partybúðarinnar. Samkvæmt Valgerði hefur sala á grímubúningum verið á pari við sölu síðustu ára.

Má því búast við að hátíðahöld fari fram víðs vegar um landið í samræmi við sóttvarnir.

Ísfirðingar halda svokallaðan maskadag hátíðlegan að kvöldi bolludags en þá ganga börn hús úr húsi og syngja fyrir nammi.



Uppabúnir kennarar á maskadegi á Ísafirði í gær. MYND/ADSEND

Að sögn Sveinfríðar Olgu Veturliðadóttur, skólustjóra Grunnskólans á Ísafirði, var maskadagur haldinn með hefðbundnu sniði í ár miðað við sóttvarnareglur.

Á Akureyri hefst vetrarfrí daginn eftir öskudag. Eru því sumir skólar með starfsdag á sjálfan öskudaginn en í Lundarskóla verður öskudagsball haldið fyrir yngstu bekkina.

Í Laugarnesskóla í Reykjavík munu nemendur gera sér glaðan dag en dagskráin verður þó afmörkuð innan árganga. – þsh

Takmarka opnun skotsvæðis

Skotsvæðið á Álfsnesi fær starfsleyfi í tvö ár til viðbótar með hertum skilyrðum. Blýhöggl eru bönnuð og nota á hljóðdeyfa eins og hægt er. Skotmenn taka ekki undir kvartanir íbúa enda séu engir íbúar nærri.

UMHVERFISMÁL Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mun gefa út starfsleyfi fyrir skotvöll Skotfélags Reykjavíkur á Álfsnesi í tvö ár.

Notkun blýhagla verður óheimil, skotmenn eiga að nota hljóðdeyfa er því verður við komið og skjóta má alla daga nema föstudaga og sunnudaga. Opið verður frá 10 til 19 virka daga en til 16 á laugardögum.

Athugasemdafrestur vegna starfsleyfisins rann út í gær. Búist er við að leyfið taki gildi 9. mars.

Mikil óánægja er meðal íbúa á Kjalarnesi og í Kollafirði með skotsvæðið en töluvert hefur verið rætt og ritað um blý- og hávaðamengun og lögsóknnum verið hótad.

Starfsleyfið var tekið fyrir í íbúaráði Kjalarness í síðustu viku. Í umsögn íbúaráðsins segir að starfsemi skotæfingasvæðanna á Álfsnesi hafi truflað íbúa í nágrenninu frá upphafi starfseminnar.

„Þrátt fyrir kvartanir um langan tíma og dómsmál hefur enginn sjáanlegur vilji borgaryfirvalda verið í þá átt að skapa sátt eða finna lausn á þessu máli. Framlenging starfsleyfis til tveggja ára bendir ekki til mikils vilja til sáttar,“ segir í umsögninni.

Þá er bent á að hljóðmælingar Heilbrigðiseftirlitsins séu langt frá niðurstöðum verkfræðistofunnar Trivium. Einungis hafi verið skotið af skyttu á vegum skotfélags eftir pöntunum. Engar upplýsingar séu um skotin né eftirlit með framkvæmdinni.

„EKKI er heldur tilgreint hver vindáttin var, einungis að vindur hafi verið undir 5 metrum á sekúndu,“ segir í umsögninni.

Krefst íbúaráðið að fenginn verði óháður aðili til að meta þennan mikla mun sem sé á mælingunum. „Einnig höfnum við með öllu að



Næstu tvö árin má skjóta til klukkan 19 mánudaga til fimmtudaga og til 16 á laugardögum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kvartanir frá bústaðaeigendum að engu hafandi

Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, sem hefur aðgang að skotsvæðinu eins og Skotfélag Reykjavíkur, segir í bréfi að félagið taki ekki undir að margir íbúar hafi kvartað undan hávaða enda búi enginn nálægt svæðinu. Undarlegt sé að tekið sé mark á sumarhúsaegendum sem keypt hafi bústaði vitandi af skotsvæðinu. „Kvartanir frá þeim eru þar af leiðandi að engu hafandi.“

Félagið bendir einnig á að alltaf hafi verið gert ráð fyrir því að notuð væru blýskot á svæðinu

og því augljóst að blýskot myndu finnast. „Engin gögn liggja hins vegar fyrir um að þau hafi valdið mengun í jarðvegi, né haft nokkur áhrif á lífríkið,“ segir í bréfinu. Þá er félagið sérlega ósátt við að skipulagsfulltrúi skuli leggja áherslu á að svæðið verði vaktad sérstaklega af Heilbrigðiseftirlitinu og að misnotkun á opnunartíma geti leitt til riftunar á starfsleyfi. „Með því er dylgjað að því að hingað til hafi verið brotið gegn núgildandi leyfum. Því er sérstaklega mótmælt.“

nokkurt starfsleyfi verði gefið út fyrir skotæfingasvæðin á Álfsnesi vegna þessara óvissuþátta. Svör þurfa að koma fyrst og áætlun um flutning starfsemi vallanna á tilgreint svæði þar sem sátt geti ríkt,“ segir í umsögninni.

Í bréfi umhverfis- og skipulagsviðs Reykjavíkurborgar segir að í ljósi ábendinga og óánægju með núverandi staðsetningu verði að setja strangari skilyrði um starfsemina.

Þá verði kannaðar til hlítar aðrar staðsetningar fyrir starfsemina með það að markmiði að finna varanlegri aðstöðu fyrri skotæfingar á höfuðborgarsvæðinu.

benediktboas@frettabladid.is



ÍS BAND UMBOÐSADILI RAM Á ÍSLANDI

GOTT ÚRVAL BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX

RAM 3500

VERÐ FRÁ 7.547.906 KR. ÁN VSK.
9.359.403 KR. M/VSK.

BREYTINGAVERKSTÆÐI ÍSBAND,
SMÍÐSHÖFÐA 5, SÉRHÆFIR SIG Í
BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.

BJÓÐUM UPP Á 37" - 40" BREYTINGAPAKKA

BILL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MED 35" BREYTINGU



Áttu erfitt með að koma þér fyrir? Upphaf nýrra **drauma!**



STILLANLEGIR
DAGAR

20%
af öllum stillanlegum
heilsurúmum

Ergomotion

Góður nætursvefn er lykillinn að góðum morgundegi. Stilltu þig inn á góðan nætursvefn með stillanlegu heilsurúmi frá Ergomotion. Val um fjölmargar gerðir af heilsudýnum allt frá poka-gormadýnum yfir í náttúrulegar Mayan green latexdýnur allt eftir því hvað hentar þínum þörfum.

Góður svefn, góð gæði, á góðu verði.

**Tilboðsverð frá
355.448 kr.**

Ergomotion 40+ og Corinna dýna.
Fullt verð frá 444.310 kr



Fá 100 milljónir skammta af nýju bóluefni

SPÁNN Líkur eru á því að Spánn muni fá 100 milljónir skammta af nýjum bóluefnum á næstu mánuðum. Þrjú ný bóluefni frá framleiðendum CureVax, Janssen og Novavax biða samþykktar frá Evrópusambandinu en tvö síðastnefndu bóluefnin verða framleidd á Spáni.

Bóluefnin eru ólík að sniðum en helsti kosturinn við efnið frá Janssen er sá að aðeins þarf einn skammt af því til að bólusetja fólk í stað tveggja eins og venjan er með önnur bóluefni. – þsh



Innlend kortavelta í stórmörkuðum jókst á milli ára. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

Enn aukning í sölu áfengis

VIÐSKIPTI Heildargreiðslukortavelta dróst saman um 12 prósent á milli ára í janúarmánuði og 24 prósent í desember samkvæmt upplýsingum frá Rannsóknasetri verslunarinnar. Erlend kortavelta dróst saman um 89 prósent milli ára á meðan innlend kortavelta jókst um sex prósent.

Innlend kortavelta nam í janúar á þessu ári 64 milljörðum króna samanborið við rúma 60 milljarða í sama mánuði í fyrra. Heildarkortavelta erlendra korta hér á landi fór hins vegar úr tæpum tuttugu milljörðum í janúar í fyrra í einn og hálfan milljarð í janúar síðastliðnum.

Mesta aukning í innlendri kortaveltu í janúar var í stórmörkuðum og dagvöruverzlunum og í raf- og heimilistækjaverslunum. Því næst var aukningin mest í áfengisverslun sem óx um 39 prósent milli ára.

Velta í íslenski þjónustu í janúar dróst saman um 16 prósent á milli ára og nam í janúar 25,4 milljörðum króna. Velta á sölu veitinga dróst saman um tvö og hálf prósent á milli ára. – bdj

Lagt til að ljúka uppskiptingu innan Orkuveitu Reykjavíkur

Sjálfstæðisflokkurinn leggur til að ljúka uppskiptingu Orkuveitu Reykjavíkur á borgarráðsfundi í dag en sjö ár eru síðan að fyrst var mælt með að gera dótturfélögin að sjálfstæðri einingu. Engin framleiðsla sé í Orkuveitunni og ekki góðar fréttir að nágrannasveitarfélögin bjóði upp á ódýrara heitt vatn.

ORKUVEITAN „Það verður skýrari ábyrgð, meira gagnsæi og hagkvæmari rekstur,“ segir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn, en flokkurinn leggur til á borgarráðsfundi í dag að ljúka uppskiptingu rekstrareininga Orkuveitu Reykjavíkur. Orkuveitan myndi þá heyra sögunni til en dótturfélög verða að sjálfstæðum félögum. Stoðstarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur yrði þannig færð inn í viðeigandi dótturfélag og Veitur, ON og Gagnaveitan yrðu að sjálfstæðum einingum.

„Það er engin framleiðsla í Orkuveitunni en sem eignarhaldsfélag heldur það utan um eignarhlutinn og er stoðþjónusta gagnvart hinum. Meðan svo er er ekki gagnsæi yfir reksturinn,“ segir Eyþór.

Í greinargerðinni segir að eftir að ESB skipaði Orkuveitunni að skipta sér upp hafi Orkuveitan fengið frest til að skipta félaginu. Það hafi ekki átt sér stað fyrr en 1. janúar 2014. Þá var sameignarsamningur OR endurnýjaður ásamt eigendastefnu, og stjórnarhættir fyrirtækisins endurskoðaðir.

Í greinargerðinni er bent á að fjölmargir hafi gert athugasemdir við það fyrirkomulag að halda OR áfram sem eignarhaldsfélagi og að innri endurskoðun borgarinnar hafi bent á skörun við skipan stjórnna í stjórnarsýsluúttekt sem gerð var árið 2008. Sömu áherslur sé að finna í skýrslu úttektarnefndar OR sem gefin var út í október 2012.

Þá var gerð úttekt um Orkuveitusamstæðuna í nóvember 2018 þar sem innri endurskoðun bendir á galla í núverandi fyrirkomulagi dótturfélaga, en þar segir meðal annars:

„Fyrirkomulag um skipan stjórnna dótturfyrirtækja OR samræmist ekki leiðbeiningum um stjórnarhætti þar sem þær eru allar þrjár skipaðar að meirihluta



Margir hafa gert athugasemdir við það fyrirkomulag að halda OR áfram sem eignarhaldsfélagi, segir í greinargerðinni, innri endurskoðun borgarinnar hefur bent á skörun við skipan stjórnna í stjórnarsýsluúttekt. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

Heitt vatn er ódýrara í Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi en hagkvæmasta hitaveitan ætti að vera í Reykjavík.

Eyþór Arnalds, oddviti



aðilum sem geta ekki verið óháðir þegar litid er til skilgreiningar leiðbeininga um stjórnarhætti er varða starfsmenn aðila sem hafa yfirráð yfir félaginu.“

Þá er bent á að Hitaveitu Suðurnesja var skipt upp í tvær rekstrareiningar og fullur aðskilnaður tryggður þar sem ekki var áfram starfrækt sérstakt eignarhaldsfélag. Eyþór segist ekki skilja af hverju þetta hafi tekist hjá HS en ekki hjá Orkuveitunni.

„Það er góð spurning til að spyrja

til dæmis borgarstjóra,“ segir hann og bætir við að hann geti ekki sætt sig við að heitt vatn sé ódýrara hjá nágrönnunum. „Heitt vatn er ódýrara í Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi en hagkvæmasta hitaveitan ætti að vera í Reykjavík,“ segir Eyþór og tekur undir með greinargerðinni að sjö árum síðar að fyrst var bent á að gera dótturfélögin að sjálfstæðum einingum sé kominn tími á breytingar enda hafi reynslan sýnt galla á núverandi fyrirkomulagi. benediktboas@frettabladid.is

Saltkjöt og baunir ...

Ódýrt

Krónu ódýrt saltkjöt **599** kr. kg

Baunasúpu grunnur **529** kr. stk.

NÓATÚN

Nóatúns blandað saltminna saltkjöt **1399** kr. kg

Tilbúin Baunasúpa, Kjötkompaní **2289** kr. stk.

KRÓNAN



Ofurdagur fyrir lykilhafa

20 kr. afsláttur af eldsneytislítranum* og 50% afsláttur af völdum veitingum hjá samstarfsaðilum.



50%

afsláttur af kaffi á Miklubraut



2F1

af pylsum hjá Bæjarins bestu, Vesturlandsvegi



50%

af croissant með heslihnetukremi og frítt kaffi.



2F1

2 pizzusneiðar að eigin vali. Bættu við gosglasi og fáðu máltíðina á 990 kr.

Sæktu um lykil á orkan.is eða nældu þér í lykil á völdum Orkustöðvum í dag!

*Gildir einungis með lyklum eða kortum frá Orkunni. Gildir ekki á Dalvegi, Reykjavíkurvegi og Mýrarvegi.



Lífstíðardómur



Björk Eidsdóttir
bjork@frettabladid.is

Í síðustu viku fór fram aðalmeðferð í meiðyrðamáli Jóns Baldvins Hannibalssonar gegn dóttur hans Aldísi Schram, fjölmiðlamanninum Sigmari Guðmundssyni og RÚV vegna ummæla sem féllu í morgunútvarpi Rásar 2. Ekki ætla ég í þessari grein að fara í saumana á málinu sjálfu, heldur vekja máls á að það afhjúpar varhugaverða orðræðu.

Í málsvörn stefnanda er trúverðugleiki Aldísar dreginn í efa á grundvelli meintrar geðveiki hennar. Vegna geðhvarfasyki á hún að hafa spunnið upp ærumeiðandi og alvarlegar ásakanir á hendur stefnanda. Hefur hún haft mikið fyrir því að sanna geðheilbrigði sitt svo mark sé á henni tekið og hún fái áheyrn. Og eins og við vitum er fólk greint með hina og þessa geðsjúkdóma en fátíðara er að það sé greint heilt á geði.

Þessi umræða minnir óþægilega á forneskjulegan hugsunarhátt þegar einstaklingar sem ollu óþægindum voru stimplaðir geðveikir og teknir úr umferð. Stadreyndin er aftur á móti sú að þó manneskja sé greind með einhvers konar geðsjúkdóm verður hún þar með ekki óáreiðanleg um aldur og ævi og þaðan af síður lygari.

Hédinn Unnsteinsson, formaður Geðhjálp og höfundur bókarinnar Vertu úlfur sem nú hefur lifnað við á fjöllum Þjóðleikhússins, hefur margoft bent á þessi sannindi. Í viðtali undirritaðrar við hann í helgarblaði Fréttablaðsins nú í upphafi árs sagði Hédinn frá glímu sinni við geðhvör en jafnframt hvernig samfélagið bregst við slíki greiningu og gleymir henni ekki.

„Segjum sem svo að ég lifi í 80 ár og tíu prósent tímans sé ég með virka geðröskun. Níutíu prósent ævinnar er ég í svokölluðu normi, sem við vitum þó ekkert hvað er. Samt sem áður bý ég við þann möguleika alla ævina að dómgreind mín og skodanir geta verið dregnar í efa á þeim forsendum.“ Þessi orð lét Hédinn hafa eftir sér í téðu viðtali.

Það er nefnilega stadreynd að geðsjúkdómsgreining límist frekar við einstaklinginn en þegar um önnur veikindi er að ræða. Sá sem greinist með krabbamein, undirgengst krabbameinsmeðferð og mælist laus við meinið er ekki kallaður krabbameinssjúklingur eftir sem áður. Þó er vitað að ákveðin hætta er á að krabbamein komi aftur upp hjá þeim sem áður hefur greinst.

Einstaklingur er ekki sjúklingur á meðan hann ekki er veikur og veikindi á geðinu gera manneskju ekki sjálfkrafa óáreiðanlega. Fjölmiðlamaðurinn Sigmari Guðmundsson sagði í skýrslu sinni fyrir héraðsdómi að fjölmiðlar hefðu brugðist Aldísi með því að forðast að fjalla um mál hennar þar sem því hafi verið haldið fram að hún væri geðveik. Inn í það hafi fléttast ómeðvitaðir fordómar.

Í orðum hans kjarnast einmitt málið. Við verðum nefnilega öll að gæta þess í hvívetna að láta ekki glepjast af eigin ótta og fordómum.

Að veikjast á geði er ekki lífstíðardómur!

Og eins og allir vita er fólk greint með hina og þessa geðsjúkdóma en fátíðara er að það sé greint heilt á geði.

Halldór



Frá degi til dags

Vængjað fagnaðareriði
Jón Ásgeir Jóhannesson og Einar Kárasón hafa hitt lóðbeint í mark með Málsvörn þess fyrrnefnda. Bókin hefur verið í fyrsta sæti metsölu-lista Eymundsson síðustu tvær vikur en fer samtímis mikinn á Storytel þar sem heyrna má Einar sjálfan lesa varnarritið. Venjulega þykir ekki góður binniss að gefa bók út samtímis á prenti og sem hljóðbók á Storytel þar sem áskrifendur geta hlustað á endalaust margar bækur fyrir 2.890 krónur á mánuði á meðan Málsvörninn kostar 4.990 í kilju.

Óvitlaust
Jón Ásgeir hefur þó líklega frekar horft til þess að boðskapurinn bærst sem víðast frekar en söluhagnað en stendur uppi með pálmanni í höndunum þótt Gunnar Smári Egilsson og fleiri hafi gagnrýnt umgengni Jóns og Einars við sannleikann. Hann sætti færiss á Facebook í gær með útlekkingu á stórvíðskiptum með Advania sem hann tengdi við hagnað Paul Utting af því að bjarga Wyndham-prentsmiðjunni frá Dagsbrún Jóns. Gunnar Smári hafði áður keypt Wyndham fyrir Jón og segist hafa vitað að Utting þessi væri „ekki alvitlaus eins og íslenskir víðskiptablaðamenn og aðrir söguhöfundar hafa viljað gefa í skyn.“
toti@frettabladid.is

Þarf sérrými fyrir „Borgarlínu“



Ólafur Guðmundsson varaborgarfulltrúi í Reykjavík

Einhliða umræða hefur dunið yfir um „Borgarlínu“ eða BRT-kerfi. Pawel Bartoszek borgarfulltrúi skrifaði grein um þetta í Fréttablaðinu 12. febrúar.

Við lestur greinarinnar spyr maður til hvers við þurfum að eyða hundruðum milljarða í sérrými fyrir almenningsamgöngur. Samkvæmt greininni er aðalástæðan ekki greiðari samgöngur, heldur að uppfylla einhvern BRT-staðal til þess að geta notað hugtakið „BRT-kerfi“. Þá þarf helmingur leiðarinnar að vera í sérrými, óháð því hvort þörf sé á því eða hvað það kostar. Þetta er bara til að uppfylla „kerfið“.

Þetta snýst ekki um að bæta samgöngur, heldur að geta montað sig af því að vera með BRT-Gull kerfi. Pawel skrifar með stolti að 71% fyrsta áfanga Borgarlínu verði sérrými og það sé „flott“ en ekki hvers vegna, eða hvað þau flottheit kosta skattgreiðendur, hvað þá að það gagnist íbúum borgarinnar. Götubútar og bílastæði þurfa að vika og tekur borgarfulltrúinn því fagnandi.

Í Kaupmannahöfn eru mjög góðar og greiðar samgöngur allra samgöngumáta. Teppur eru nánast engar, umferðarstýring og samhæfing kerfa strætó og umferðarljósá til fyrirmyndar og vagnarnir eru margir hverjir merktir „City line“ eða „Borgarlína“. Nánast ekkert sérrými er fyrir þessa vagna. Þetta er bara strætó sem virkar.

Vagnarnir aka á venjulegum götum innan um almenna umferð og nánast allar stoppistöðvar eru hægra megin og utan umferðaræðanna. Því er engin truflun á stoppistöðvum. Það er mikil tíðni, tölvuvædd upplýsingagjöf á stoppistöðvum og vögnunum með samhæfingu við aðrar strætóleiðir. Allt skipulagt með nútíma tækni í rauntíma og samhæfingu við umferðarljós.

Sama er í öðrum borgum eins og London, Osló, Stokkhólmi og víðar. Þar eru kjörörðin t.d. „Allar ferðir skipta máli“, „Lágmarka tafatíma allra“, „Sjálfbærar samgöngur fyrir alla“, en ekki „Forgangur sumra“, á kostnað fjöldans eins og viðhorfið er í Reykjavík.



Þetta snýst ekki um að bæta samgöngur fyrir almennig, heldur að geta montað sig af því að vera með BRT-Gull kerfi.

UNAÐSVÖRUR



Sérblaðið Unaðsvörur kemur út **19. febrúar**. Í tilefni konudagsins á sunnudaginn ætlum við að gera lífið lítrikara og gefa lesendum færi á að krydda tilveruna. Við bjóðum auglýsendum kynningar sem og hefðbundnar auglýsingar.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654/ jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Reykjavík 2040



Ragna Sigurðardóttir
borgarfulltrúi
Samfylkingarinnar



Hjálmar Sveinsson
borgarfulltrúi
Samfylkingarinnar

við Krossamýrartorg, BSÍ og Hlemm vinsælir viðkomustaðir og íða af mannlífi. Þar sem áður var iðnaðarsvæði við Ártúnshöfða er nú blómleg íbúðabyggð, verslun og þjónusta. Við Vogabyggð er Sæbraut komin í stokk sem tengir saman byggð beggja vegna götunnar. Miklabraut er einnig komin í stokk og í stað umferðarniðs og mengunar eru nú aðeins vistvænar samgöngur á yfirborði. Hraðbraut sker ekki lengur hverfin í sundur. Borgarlínan fer um HR-svæðið og eftir Fossvogsbrú

yfir á Kársnesið. Línan tengir saman miðbæ Reykjavíkur við Kópavog, Mosfellsbæ, Hafnarfjörð og Garðabæ. Við skjótumst nú á milli sveitarfélaga án þess að þurfa að setjast upp í bíl og keyra, án þess að eyða pening í mengandi eldsneyti til að komast leiðar okkar eins og gert var í gamla daga.

20.000 íbúðir

Um 1.000 íbúðir hafa verið byggðar í Reykjavík á ári síðastliðin 20 ár, alls um 20.000 íbúðir. Vaxtarmörk

borgarinnar eins og þau voru skilgreind fyrir aldarfjórðungi hafa verið virt. Byggðin hefur þétt á vistvænum forsendum. Fyrst og fremst hefur verið byggt á illa nýttum og þegar röskuðum svæðum. Áhersla hefur verið lögð á að þessi nýja byggð sé í sem bestum tengslum við Borgarlínuna, en á síðustu 20 árum hafa yfir 80% nýrra íbúða verið innan áhrifasvæðis hennar.

Orðið húsnæði felur í sér fyrirheit um skjól. Tekist hefur að skapa fjölbreytt borgarhverfi þar sem

allir félagshópar hafa tækifæri til búsetu. Fjórðungur nýja húsnæðisins er á vegum húsnæðisfélaga sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni.

Framtíðarsýn fyrir Reykjavík

Til þess að aðgerðir okkar skili árangri þarf skýra framtíðarsýn. Sú sýn er sett fram í Aðalskipulagi Reykjavíkur til ársins 2040. Við hvetjum borgarbúa til þess að kynna sér hana og þau leiðarljós sem vísa okkur leið inn í framtíðina.

Í myndum okkur að árið 2040 sé runnið upp. Hvernig er umhorfs í borginni - hvernig er lífið? Auðvitað vitum við það ekki nákvæmlega en við reiknum með að mannfjöldaspár Hagstofunnar séu nokkurn veginn réttar. Þar með vitum við í stórum dráttum hvað þarf að byggja mikið af íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði til ársins 2040. Við viljum að byggðin mótist af vistvænni þéttingarstefnu næstu tvo áratuginna og að sáttmálar um loftslagsmál, samgöngumál og húsnæðismál haldi gildi sínu. Borgarlína verður orðin að veruleika ef við höldum vel á spöðunum. Við teljum einsýnt að umhverfismál, og lýðheilsa fái alltaf meira og meira vægi í útfærslu borgarskipulagsins en til þess þarf framtíðarsýnin að vera skýr.

Nú er unnið að nýjum viðauka við Aðalskipulag Reykjavíkur – en hann felur í sér endurskoðun á stefnu um íbúðabyggð og blandaða byggð og framlengingu aðalskipulagsins til 2040. Við tökum undir okkur stökk til ársins 2040.

Lífvenlegasta borgin

Enn og aftur er Reykjavík í efstu sætum á lífsgæðalistum borga sem alþjóðleg ráðgjafafyrirtæki gefa út. Ljóst er að aukin áhersla á umhverfismál, vistvænar samgöngur, lýðheilsu, öryggi og tækifæri til útivistar og hreyfingar skapar Reykjavík sterka stöðu á slíkum listum. Byggt hefur verið upp metnaðarfullt hjólastígakerfi sem tengir höfuðborgarsvæðið saman með þéttofnu neti góðra stíga en stígarnir liggja líka út í óbyggða náttúru utan borgarmarkanna. Reykjavík er hjólaborg á heimsmælikvarða. Þrjár nýjar sundlaugar, auk ylstrandanna við Nauthólsvík, Köllunarklett og í Gufunesi, þykja lýsandi dæmi um hvernig hægt er að bjóða rýsjóttu veðurfari byrginn með hugvitsamlegri nýtingu jarðvarmans. Margt fleira kemur til. Bilastæðum í landi borgarinnar hefur verið markvisst fækkað og þau tekin undir fjölbreytt og gróðursæl svæði til almenningsnota. Mengun af mannavöldum er sama og engin og borgin er kolefnishlutlaus. Hér þykir gott að ala upp börn enda eru hér góðir skólar og framsækin menntastefna. Borgin er eftirsótt af listafólki og hér er öflugt þekkingar- og nýsköpunarsamfélag. Auk þess er til þess tekið að fólk af erlendu bergi brotið, sem er hlutfallslega margt, eigi auðvelt með að aðlaga sig samfélaginu og samfélagið sig að þeim.

Borgarlínustöðvar tengja saman blómlega byggð

Borgarlínan er komin á fullt skrið. Hún rann af stað fyrir 16 árum og tengir nú saman allt höfuðborgarsvæðið. Vagnar nema staðar á borgarlínustöðvum á nokkurra mínútna fresti og við sjáum á skjá við hverja stöð hvenær von er á næsta vagni – og við tökum því sem sjálfsgöðum hlut. Hjólastólar og barnavagnar komast greiðlega inn og út úr vögnum á borgarlínustöðvunum og aðgengi er fyrir alla.

Árið 2040 eru stöðvar Borgarlínu

14 ára afmælistilboð

Castello

PIZZERIA



Þar sem pizzur eru gerðar með fagmennsku og ástriðu



Allar sóttar pizzur af matseðli á **1890** kr.

Tilboðið gildir 14.-18. febrúar

Höfum opnað í Lág múla 7

Castello

PIZZERIA

577 3333

Pantaðu á netinu castello.is

DALVEGUR 2 – 201 KÓPAVOGUR • LÁGMÚLI 7 – 108 REYKJAVÍK
DALSHRAUN 13 – 220 HAFNARFJÖRÐUR

FRÉTTABLAÐID
SPORT

Guðni í miðri ræðu á ársþingi KSÍ.

Guðni áfram sem formaður

FÓTBOLTI Guðni Bergsson verður sjálfkjörinn sem formaður knattspyrnusambands Íslands, KSÍ, á ársþingi sambandsins sem fram fer 27. febrúar næstkomandi.

KSÍ tilkynnti í gær að ekkert mótframboð hafi borist gegn Guðna sem tók við sem formaður sambandsins árið 2017 eftir formannslag við Björn Einarsson. Guðni, sem lék á sínum tíma 80 leiki fyrir Íslands hönd, mun því sinna hlutverki formanns KSÍ þriðja kjörtímabilið í röð.

» Guðni er niundi leikjahæsti leikmaður karlalandsliðsins frá upphafi.

Árið 2019 hafði Guðni svo betur þegar Geir Þorsteinsson bauð sig fram á móti honum en kosið er til formanns á tveggja ára fresti.

Ásgeir Ásgeirsson, Borghildur Sigurðardóttir, Magnús Gylfason og Þorsteinn Gunnarsson sem kosin voru til tveggja ára stjórnarsetu á þinginu árið 2019 gefa kost á sér til áframhaldandi setu.

Á síðasta ársþingi voru svo Gísli Gíslason, Ingi Sigurðsson, Ragnhildur Skúladóttir og Valgeir Sigurðsson sjálfkjörin í stjórnina til tveggja ára. Guðjón Bjarni Hálfánarson, Jóhann K. Torfason og Þóroddur Hjaltalín verða svo sjálfkjörnir sem varamenn í stjórn sambandsins. – hó

Spenntur að hefja leik á ný

Fyrsta tímabil Bjarka Péturssonar í atvinnumennsku var skammlíft en Íslandsmeistarinn er spenntur að hefja leik á ný. Hann viðurkennir að biðin geti verið krefjandi en hefur reynt að vinna í öðrum þáttum.

GOLF „Það er alveg rétt, það er synd að hafa ekki fengið að spila meira í fyrra, út frá spilamennsku minni en það var vöðalega lítið hægt að hafa úr því í mótunum erlendis sem stóðu til boða. Mótaráðirnar voru búnar að segja að keppnisrétturinn yrði frystur og myndi haldast þannig maður var ekki að eltast við tvö til þrjú mót fyrir lítinn ávinning.“ segir Bjarki Pétursson atvinnukylfingur aðspurður hvort að það hafi ekki verið synd að fá ekki að fylgja almennilega eftir Íslandsmeistarititlinum sem hann vann síðasta sumar í mótum erlendis.

Borgnesingurinn gerðist atvinnukylfingur á síðasta ári eftir að hafa leikið fyrir háskólalið Kent State í Bandaríkjunum. Þegar Bjarki lék fyrir hönd Kent vann hann tvö mót vestanhafs en heimsfaraldurinn hefur komið í veg fyrir að atvinnumannaferillinn komist á flug.

„Ég gerðist atvinnumaður fyrir ári síðan og fékk fjögur mót sem atvinnukylfingur áður en þessi faraldur skall á. Arangurinn var finnstur. Það var skiljanlega vorbragur yfir manni eins og er oft hjá íslenskum kylfingum í upphafi árs eftir langa fjarveru. Fyrir vikið er komin mikil eftirvænting og tilhlökkun að komast aftur út á völl. Ég hef varla spilað síðan í lok sumars. Með því að komast á þriðja stigið í úrtökumótinu fyrir Evrópumótaröðina fékk ég takmarkaðan þátttökurétt á Áskorendamótaröðinni og ég fæ vonandi einhver mót þar.“

Bjarki var enn áhugakylfingur þegar hann komst ásamt Guðmundi Ágústi Kristjánssyni og Andra Þór Björnssyni á lokastig úrtökumóts-



Bjarki í lokapúttinu fyrir titlinum á Íslandsmótinu í högggleik á Hlíðavelli síðasta sumar. MYND/GSÍMYNDIR.NET/SETH

» Bjarki setti mótismet á Íslandsmótinu í fyrra þegar hann lauk keppni á þrettán höggum undir pari.

ins fyrir Evrópumótaröðina árið 2019. Áður fyrir höfðu aðeins tveir Íslendingar komist á lokastigið. Hann var því fljótur að gera atlögu að Evrópumótaröðinni, næst sterkustu mótaröð heims, og tryggði sér um leið takmarkaðan þátttökurétt á næst sterkustu mótaröð Evrópu.

„Þegar ég hugsa til baka gerði ég kannski mistök í úrtökumótunum, að vera ekki líkamlega tilbúinn í átökin. Annað stigið varð að fimm daga móti í allskonar veðráttu. Það

var alltaf verið að kalla okkur inn og senda okkur aftur út frá morgni til kvölds. Fyrir vikið vantaði aðeins upp á orkuna fyrir lokastigið.“ segir Bjarki og heldur áfram:

„Ég fann það með þjálfaranum og andlega þjálfaranum að það var komin þreyta. Þarna var ég að koma beint úr bandaríska háskólagolfinu þar sem mótin voru þrjár hringir en ég tók þetta í reynslubankann.“

